

Skipulagsfulltrúi
Pétur Ingi Haraldsson
Dalbraut 12
840 Laugarvatn

Reykjavík 6.desember. 2017
UST201710-098/K.S.J.
10.04.02

**Efni: Lýsing. Aðalskipulag skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004 - 2016 breyting-
Reykholt - Þjórsárdalur**

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa er barst 12. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu á tillögu að breytingu á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004 – 2016 á svæði við Reykholt í Þjórsárdal.

Skipulagssvæðið

Ofangreint skipulagssvæði er sundlaug og nánasta umhverfi í Reykholti í Þjórsárdal.

Náttúruminjar

Eins og fram kemur í lýsingu er sundlaugin í nágrenni við svæði nr. 731 á náttúruminjaskrá. Í lýsingu kemur einnig fram að sama svæði nýtur hverfisverndar. Umhverfisstofnun tekur undir það að í lýsingu kemur fram að horft verði til verndargildis ofangreindra svæða við gerð skipulagstillagna.

Deiliskipulag

Í umfjöllun um gerð væntanlegs deiliskipulags kemur fram að áhersla verði lögð á að allar framkvæmdir falli inn í landslag og ásýnd svæðisins. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að bílastæði verði staðsett þannig að rútur og bílar verði ekki of áberandi á svæðinu.

Fráveita

Að mati Umhverfisstofnunar er afar mikilvægt að fram komi stærð og gerð fráveitu og einnig telur stofnunin mikilvægt að fram komi hvernig affall frá sundlaug verði háttáð.

Niðurstaða

Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að skipulagstillögum verði fjallað ítarlega um fráveitu og einnig er mikilvægt að hugað verði vel að staðsetningu bílastæða svo þau verði ekki of áberandi á svæðinu.

Virðingarfyllst


Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur


Rakel S. Kristjánsdóttir
Sérfræðingur